

Þriðjudaginn 26. júní 1984.

Nr. 16/1983. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Úlfari Þormóðssyni

(Sigurmar K. Albertsson hdl.)

Brot gegn 125. gr. og 210. gr. alm. hegningarlaga og 3. gr. og 36. gr. laga nr. 57/1956. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 13. desember 1983, og er málinu áfrýjað refsingu til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 18. apríl 1984. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Verjandi krefst aðallega sýknu og að sakarkostnaður allur verði lagður á ríkissjóð. Til vara krefst hann þess, að ákærða verði ekki dæmd refsing, en til þrautavara, að ákærði verði dæmdur í vægustu lögleyfða refsingu og þá jafnframt sýknaður af kröfu ákærvalds um eignarupptöku.

I.

Samkvæmt kröfugerð ákærvalds hér fyrir dómi koma ákæruefni þau, er greinir í II. kafla A lið ákæru og II. kafla C lið að því er lesmál varðar eigi til álita í Hæstarétti. Sama gegnir um aðalkröfu ákærvalds um eignarupptöku í V. kafla ákæru.

Á dómþingi 6. júlí 1983 var sú breyting gerð á upptökukröfu í V. kafla ákæru, að krafist var upptöku á 174 eintökum af blaðinu Samviska Þjóðarinnar, 1. árgangi, 1. tölublaði eða nánar greindum hluta þess, en í ákæruskjali var krafan einskorðuð við 2 eintök. Þessi breyting var kynnt ákærða og verjanda hans á dómþingi samstundis og ákæra var þar birt, og var hún færð til þingbókar. Fengu þeir því þegar í stað vitneskju um breytingu á ákæruskjalinu. Verj-

andi gerði hvorki þá né hér fyrir dómi athugasemd við formið á þessari breytingu á ákæru. Þykir gerlegt að dæma um upptökukröfuna í því horfi, sem hún var sett fram þann 6. júlí 1983, en krafan kemur þá aðeins til greina að því er varðar 172 eintök, svo sem kröfugerð ákæruvalds hér fyrir dómi er farið.

Í V. kafla ákæru er gerð varakrafa um eignarupptöku „á þeim blaðsíðum fyrrgreinds tímarits“ o.s.frv. Í málflutningi fyrir Hæstarétti var bent á þetta orðalag, er ríkissaksóknari kvað stafa af misritun og í stað þess ætti að koma „fyrrgreindra tímarita.“ Var verjanda veittur kostur á að tjá sig um þessa leiðréttingu. Bersýnilegt er, að hér er um misritun að ræða, og í stað orðanna „fyrrgreinds tímarits“ á að koma „fyrrgreindra tímarita.“ Er heimilt að dæma málið á þeim grundvelli, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

II.

Sakarefni er réttilega lýst í héraðsdómi að öðru leyti en því, að þar segir, að lögreglan hafi hinn 30. maí 1983 orðið þess vör, að tekið væri að dreifa 1. tölublaði 1. árgangs af blaðinu Samvíska Þjóðarinnar, en hin rétta dagsetning er 3. júní 1983.

III.

Um einstaka ákæruþætti.

III. A. *Um I. kafla ákæru.*

Ákærði ber ábyrgð samkvæmt 10. og 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt á efni blaðanna tveggja, er greinir í ákæru.

Fallast verður á það með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, að sá kafli úr Speglinum 43. árgangi 2. tölublaði, er greinir í þessum þætti ákæru, bæði lesmál og myndefni, og hliðstæður kafli, lesmál og myndefni, í blaðinu Samvíska Þjóðarinnar 1. árgangi 1. tölublaði varði ákærða refsingu samkvæmt 125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þar eru grundvallartrúarkenningar þjóðkirkjunnar hafðar að háði. Tekur hin refsiverða háttsemi bæði til útgáfu og dreifingar blaðanna tveggja. Þykir það auka á saknæmi brotsins, að við háðið um trúarkenningarnar eru í lesmáli tengdir mjög alvarlegir glæpir.

III. B. *Um II. kafla ákæru, B lið.*

Ákæran er einskorðuð við lesefnið, og myndefnið kemur ekki sérstaklega til álita. Lesefnið er rakin smekkleysa, sem lýtur að nafngreindum mönnum, og ósæmilegt með öllu, en verður ekki talið klám svo sem skýra þykir eiga það orð í 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eftir þeim viðhorfum, sem nú ríkja um umfjöllun um kynræn efni, m.a. í rituðu máli. Ber því að sýkna ákærða af ákæru fyrir brot á nefndu ákvæði.

III. C. *Um II. kafla ákæru, C lið.*

Hér kemur aðeins til álita mynd sú, er greinir í þessum þætti ákæru. Myndinni er lýst í héraðsdómi. Hún sýnir konu og barn og karlmann, sem mundar sveðju að nöktum getnaðarlim sínum. Þessi sorafengna mynd þykir, þegar hún er virt heildstætt, vera með þeim hætti, að hún varði ákærða refsingu samkvæmt 210. gr. almennra hegningarlaga.

III. D. *Um III. kafla ákæru.*

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þau málalok, að háttsemin, er þar greinir, varði ákærða refsingu samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 57/1956.

III. E. *Um IV. kafla ákæru.*

Ákærði er sekur um brot á 30. gr. laga nr. 57/1956 vegna útgáfu blaðsins Samvisku Þjóðarinnar, og eru ástæður þær fyrir útgáfunni, er ákærði ber fyrir sig, haldlausar að lögum.

IV. *Viðurlög og sakarkostnaður.*

Ákveða ber ákærða refsingu samkvæmt framansögðu með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga. Telja verður, að ákærði hafi gefið út blöðin Spegilinn og Samvisku Þjóðarinnar í fjárgróðaskyni. Eftir atvikum þykir bera að staðfesta refsíákvörðun héraðsdóms, en greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja. Samkvæmt 1. tölulið 69. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 28. gr. laga nr. 57/1956, ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um upptöku á blaðsíðum 24, 25 og 40 í 4445 eintökum af blaðinu Speglinum, 43. árgangi, 2. tölublaði, og á hliðstæðum blaðsíðum í 172 eintök-

um af blaðinu Samvisku Þjóðarinnar, 1. árgangi, 1. tölublaði, svo og þeim myndmótum og offsetfilmum beggja útgáfanna, er varða þetta efni.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 20.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða, Úlfars Þormóðssonar, á að vera óröskuð, en greiðslufrestur sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sæti upptöku á framangreindu lesmáli og myndefni í 4445 eintökum 2. tölublaðs 43. árgangs blaðsins Spegilsins og í 172 eintökum 1. tölublaðs 1. árgangs blaðsins Samvisku Þjóðarinnar, svo og myndmótum og offsetfilmum, er þetta efni varðar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns, 20.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 1. desember, er í sakadómi Reykjavíkur kveðinn upp dómur í máli nr. 552/1983: Ákærvaldið gegn Úlfari Þormóðssyni, sem tekið var til dóms 10. f.m.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri 28. júní sl. „á hendur Úlfari Þormóðssyni, blaðamanni, Grjótagötu 9, Reykavík, fæddum 19. júní 1944 að Litlu-Brekku, Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, fyrir að hafa með útgáfu og dreifingu tímaritsins „Spegilsins“, 2. tölublaðs 43. árgangs, dagana 27. til 30. maí 1983, og blaðsins „Samviska þjóðarinnar“, 1. tölublaðs 1. árgangs, þann 3. júní 1983 og síðar, gerst brotlegur gegn 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og gegn lögum um prentrétt nr. 57, 1956, sem hér segir:

I. Ákærða er gefið að sök að hafa með fyrirsögninni: „Afleiðingar altarisgöngunnar: „Ofbeldi, rán, glæpir og morð,“ lesmáli þeirrar greinar í heild og tveimur myndum á bls. 24-25 í fyrrgreindu tölublaði „Spegilsins“ opinberlega dregið dár að og smánað trúarkenningar og guðsdýrkun hinnar evangelísku lútersku þjóðkirkju.

Telst þetta atferli ákærða varða við 125. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. laga um prentrétt.

II. Ákærða er gefið að sök að hafa í fyrrgreindu tölublaði „Spegilsins“ birt á prenti, dreift og selt sora- og klámfengið lesmál og myndir sem hér greinir:

A) Tvær myndir á bls. 8 (milli bls. 7 og 9).

B) Lesmál í heild svo og undirfyrirsagnir á bls. 39 (næstöftustu blaðsíðu).

C) Mynd og lesmál í heild á bls. 40 (öftustu blaðsíðu).

Telst þetta atferli ákærða varða við 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. laga um prentrétt.

III. Ákærða er gefið að sök að hafa vanrækt að nafngreina sig sem útgefanda á öllu upplagi, 6900 eintökum, fyrrgreinds tölublaðs „Spegilsins.“

Telst þetta varða við 3. mgr. 3. gr. laga um prentrétt.

IV. Loks er ákærða gefið að sök að hafa, eftir að sala fyrrgreinds tölublaðs „Spegilsins“ hafði verið stöðvuð og hald verið lagt á þann hluta upplagsins er til náðist, látið endurprenta í 2000 eintaka upplagi blað undir heitinu „Samviska þjóðarinnar,“ 1. tölublað 1. árgangs, og dreift því og selt á almennum markaði í Reykjavík þann 3. júní 1983 og síðar. Í því blaði var allt það lesmál og myndir, sem tilgreint er í I. og II. kafla ákæru.

Telst þetta atferli ákærða varða við 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga og 30. gr. laga um prentrétt, sbr. 10. og 15. gr. laga um prentrétt.

V. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess enn fremur krafist, að ákærði sæti samkvæmt 1. mgr. 1. tölulið 69. gr. almennra hegningarlaga upptöku:

Aðallega á 4445 eintökum „Spegilsins,“ tveimur eintökum af blaðinu „Samvisku þjóðarinnar“ svo og myndmótum og offsetfilmum, sem hald var lagt á að tilhlutan ákæruvalds samkvæmt heimild í 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, sbr. 29. gr. laga um prentrétt í upphafi rannsóknar máls þessa.

Til vara á þeim blaðsíðum fyrrgreinds tímarits, sem tilgreindar eru og hafa að geyma það efni er getur í I. og II. kafla ákæru, svo og tilsvareandi

myndmótum og offsetfilmum beggja útgáfanna.“

Á dómþingi 6. júlí sl. var sú leiðrétting gerð á upptökukröfu í V. kafla ákæru, að krafist var upptöku á 174 eintökum í stað tveggja af blaðinu Samviska þjóðarinnar.

Af hálfu ákærða eru gerðar þær kröfur í málinu aðallega, að hann verði sýknaður bæði af refsikröfu og bótakröfu, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, sem lög leyfa. Í báðum tilvikum er þess krafist, að verjanda verði tildæmd málsvarnarlaun.

27. maí sl. gaf ákærði út 2. tölublað 43. árgangs tímaritsins Spegilsins, sem dreift var dagana 27.-30. s.m., en þann dag var að tilhlutan ákæruvaldsins lagt hald á öll tiltæk eintök í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum landsins. Lögregluyfirvöld önnuðust þá framkvæmd. Samkvæmt yfirliti frá ríkissaksóknara var lagt hald á samtals 4445 eintök, þar af í Reykjavík 2435 eintök. Flest þau eintök voru tekin á ýmsum sölustöðum, en heima hjá ákærða lagði lögreglan hald á 98 eintök, 240 eintök hjá Hirti Cyrussyni, starfsmanni blaðsins, og á sex í prentsmiðjunni Odda.

30. maí sl. varð lögreglan í Reykjavík þess vör að tekið var að dreifa 1. tölublaði 1. árgangs blaðsins Samviska þjóðarinnar, en efni þess var að mestu samhljóða efni Spegilsins. Þann dag og næstu daga gerði lögreglan í Reykjavík upptæk 172 eintök af blaðinu.

Í framhaldi af þessum aðgerðum lagði lögreglan hald á myndamót og offsetfilmur í prentsmiðjunni Odda, Höfðabakka 7, og Sólnaprenti, Kirkjusandi við Laugarnesveg.

Með auglýsingu, dagsettri 10. júní sl., birti ríkissaksóknari í 61. tbl. Lögbirtingablaðsins, sem út kom 16. s.m., þá ákvörðun sína að leggja á ofangreint hald, sbr. 29. gr., 1. mgr., laga nr. 57/1956.

Í framangreindu tölublaði Spegilsins segir í svonefndum blaðhaus, að útgefandi þess sé „Félag áhugamanna um alvarleg málefni,“ aðsetur sé að Grjótagötu 9 og „starfsmenn“ Hjörleifur Sveinbjörnsson og ákærði. Hvorki er ábyrgðarmaður né ritstjóri tilgreindur. Verð hvers eintaks er tilgreint 70 kr. Ákærði er tilgreindur sem útgefandi og ábyrgðarmaður blaðsins Samviska þjóðarinnar á forsiðu þess.

Framangreindar aðgerðir ákæruvaldsins voru fljótlega vefngdar af ákærða, sem taldi að lögregluyfirvöldum hefði borið að leita dómsúrskurðar. Samkvæmt kröfu úrskurðaði dómurinn í þessu ágreiningsefni 14. júlí sl. á þá leið, að haldið skyldi óhaggað standa. Sú niðurstaða var staðfest í Hæstarétti Íslands 25. s.m.

Ákærði hefur verið yfirheyrður af lögreglunni í Reykjavík, rannsóknar-lögreglu ríkisins og í dóminum.

Við frumyfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík 30. maí sl., hefur ákærði borið, að útgefandi Spegilsins væri „Félag áhugamanna um alvarleg mál-

efni,“ sem ekki væri skrásett fyrirtæki, heldur leynifélag. Því gæti hann ekki skýrt frá, hverjir stæðu að því. Tilgangur þess væri að gefa blaðið út og verja hugsanlegum hagnaði til líknarmála, eins og háttur væri á hjá leynifélögum. Útgáfa blaðsins hófst í apríl sl. með útgáfu á 1. tölublaði 43. árgangs. 2. tölublað kom síðan út 27. maí, og hófst þá dreifing þess. Ákærði hafði ráðið Hjört Cyrusson, Sólheimum 27, til að dreifa blaðinu. Tók Hjörtur við blaðinu í prentsmiðju, er það var tilbúið. Ákærði kom ekki nærri dreifingunni. Upplag blaðsins var 6900 eintök. Ákærði kvaðst vera ábyrgðarmaður blaðsins, en hann væri ekki höfundur neins af því efni, sem í blaðinu væri, „bestu synir og dætur þjóðarinnar og nokkrir aðrir“ væru höfundar efnis, texta og mynda. Ekki vildi ákærði gefa upp nöfn þessara manna. Ákærði kvaðst vera eigandi nafnsins „Spegillinn“ og hefði staðið til að skrásetja það. Arnmundur Bachman héraðsdómslögmaður tók það að sér, en ákærði vissi ekki, hvort hann var búinn að koma því í verk.

6. júní sl. skýrði ákærði lögreglunni svo frá, að 1. tbl. 1. árg. blaðsins Samvíska þjóðarinnar hefði komið á markaðinn kl. 16.30 3. s.m. Tilgangurinn með útgáfunni hafi verið að láta fólkið sjálft dæma um, hvort 2. tbl. 43. árg. Spegilsins væri klámblað eða ekki, en innihald blaðsins væri 10% minnkun á 2. tbl. 43. árgangs Spegilsins, þ.e. 20 bls. af 24 bls. þess tölublaðs. Bláðið væri minnkun á Speglinum og auk þess 4 blaðsíður aðrar, er hann kvaðst hafa skrifað. Ákærði kvaðst alfarið hafa séð um útafu á 1. tölublaði Samvisku þjóðarinnar og væri hann ábyrgðarmaður þess. Fór vinnslan þannig fram, að 2. tölublað Spegilsins var tekið í sundur og hver blaðsíða fyrir sig ljósmynduð og blaðið síðan unnið í framhaldi af því eins og hvert annað blað. Bláðið var prentað í Sólnaprenti í 2.000 eintökum, en bókagerðin Arnar-Berg sá um brotið. Allt upplagið væri selt nema þau eintök, sem lögreglan lagði hald á.

24. júní sl. var ákærði yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt kröfu ríkissaksóknara. Þá skýrði ákærði svo frá, að hann væri skráður eigandi nafnsins „Spegillinn“ frá því einhvern tíma í maí, en hann væri eigi útgefandi blaðsins, það væri „Félag áhugamanna um alvarleg málefni,“ eins og fram kæmi í „haus“ blaðsins. Ákærði kvaðst eigi geta sagt um, hve félagar væru margir, þar sem um leynifélag væri að ræða. Ákærði sagði um þrjá tugi manna hafa unnið að útgáfu blaðsins, en hve margir væru í félaginu vissi hann ekki. Ákærði sagði starfsmenn blaðsins auk sín vera Hjörleif Sveinbjörnsson og Hjört Cyrusson. Ákærði sjálfur væri ráðinn af félaginu, en hann sjálfur hefði ráðið hina tvo svo og aðra aðilja, sem unnu í þágu blaðsins við teikningar, útlit og ljósmyndum og fleira og taldir væru upp í „haus“ blaðsins. Ákærði kvaðst einn vera eigandi og útgefandi ritsins Samvíska þjóðarinnar. Ákærði kvaðst hafa sannfært Finnboga *Trausta* Finnbogason, prentara og meðeiganda í Sólna-

prenti, um, að Samvíska þjóðarinnar væri allt annað blað en 2. tbl. Spegilsins. Þá hefði það verið sin handvömm, að ekki var getið um prentár, prentstað og prentsmiðju í blaðinu. Ákærði sagði, að Hjörleifur Sveinbjörnsson hefði komið fram fyrir hönd blaðsins gagnvart Arnar-Bergi, sem sá um brot þess.

Í dóminum hefur ákærði viðurkennt að vera ábyrgur fyrir birtingu þess efnis, sem getið er um í I., II. og IV. kafla ákæru, en hann taldi sig ekki hafa brotið nein lög. Ákærði mótmælti því, að hann hefði brotið 3. gr. laga nr. 57/1956, sbr. III. kafla ákærðu, þar sem hann hefði fullnægt lagaskyldu í þessu efni með tilkynningu til firmaskrár, sem var birt Lögbirtinga-
blaðinu 16. júní sl. Tilkynningin er dgsett 19. maí 1983 og hljóðar svo:

„Það tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að Úlfar Þormóðsson, nnr. 8966-8743, Grjótagötu 9, Reykjavík, rekur í Reykjavík einkafyrirtæki á eigin ábyrgð vegna Félags áhugamanna um alvarleg málefni, undir nafninu TÍMARITID SPEGILLINN. Tilgangur er útgáfa blaðs undir sama nafni.“

Í dóminum bar ákærði, að Samvíska þjóðarinnar hafi komið út áður en ríkissaksóknari birti tilkynningu um haldið á Speglinum í Lögbirtinga-
blaðinu. Að öðru leyti kvaðst ákærði bera ábyrgð á birtingu efnisins í Samvísku þjóðarinnar, en hann taldi sig ekki hafa brotið lög með því.

Hjörleifur Sveinbjörnsson, starfsmaður Spegilsins, Bárugötu 30A, fæddur 11. desember 1949 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að „Félag áhugamanna um alvarleg málefni“ væri útgefandi Spegilsins. Um væri að ræða óformlegan félagsskap, sem hann var ekki reiðubúinn til að gefa upp, hverjir væru félagar í. Ákærði væri „eigandi“ Spegilsins en félagsskapurinn „funkar sem bakhópur.“ Hjörleifur kvaðst hafa unnið við efnissöfnun, prófarkalestur, söfnun auglýsinga og umsjón með vinnslu í prentsmiðju. Sameiginlegt verkefni hans og ákærða væri að vinna við efnisöflun raða saman efni o.fl. Hjörtur Cyrússon og hann sjálfur hefðu séð um dreifingu.

Hjörleifur hefur einnig skýrt svo frá, að tilgangur ákærða með útgáfu á blaðinu Samvísku þjóðarinnar hafi verið sá, að hann vildi koma sjónarmiðum sínum á framfæri og láta fólk dæma um það sjálf, hvort innihald 2. tbl. Spegilsins væri jafn mikill sori og af væri látið með greinum í dagblöðum. Blaðið hefði komið út um kl. 16.00 þann 3. júní sl. og hefði hann aðstoðað ákærða við að koma blaðinu til sölumanna. Upplagið hefði verið 2.000 eintök og kostaði hvert blað 50 krónur. Hjörleifur kvaðst ekki hafa komið nærri útgáfunni með öðrum hætti en þeim að sækja upplagið í Arnar-Berg, Skeifunni 9, sem sá um skurð á því. Upplagið flutti Hjörleifur heim til ákærða að Grjótagötu 9. Þaðan var því dreift. Blaðið hefði verið prentað í Sólnaprenti. Hjörleifur taldi, að blaðið hefði verið unnið með

þeim hætti, að Spegillinn hefði verið ljósmyndaður. Ákærði fékk Hjörleif til framangreindra starfa. Einnig hefði ákærði ráðið hann til starfa á Speglinum, þar sem hann hefði unnið frá því í mars sl.

Hjörtur Cyrsson, dreifingarstjóri hjá Speglinum, Sólheimum 27, fæddur 4. nóvember 1961 í Reykjavík, hefur skýrt svo frá, að hann hefði séð um dreifingu 2. tölublaðs Spegilsins, og hófst hún 28. maí. Dreifði hann blaðinu bæði í Reykjavík og út á land.

Þorgeir Baldursson, prentsmiðjustjóri í Prentsmiðjunni Odda, til heimilis Stórahjalla 5, Kópavogi, fæddur 25. september 1942, hefur við yfirheyrslu hjá lögreglunni skýrt svo frá, að Prentsmiðjan Oddi hafi séð um prentun og bókband á 2. tölublaði 43. árgangs Spegilsins. Ákærði hafi komið að máli við Þorgeir og beðið hann um verkið. Blaðið hefði verið afhent frá prentsmiðjunni 27. maí sl. Ekki vissi Þorgeir, hver væri ábyrgðarmaður blaðsins eða útgefandi þess, en ákærði einn hefði samið við prentsmiðjuna. Er Þorgeir spurði ákærða um Félag áhugamanna um alvarleg málefni, nefndi hann nokkur nöfn, sem Þorgeir var búinn að gleyma nema einu.

30. maí sl. fóru lögreglumenn í Prentsmiðjuna Odda og ræddu við Pétur Magnússon lagerstjóra. Hann skýrði svo frá, að útgefendurnir hefðu tekið allt upplagið, 6900 eintök að undanteknum 6 eintökum, sem fara ættu á Landsbókasafnið. Lögreglan lagði hald á þessi eintök.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni hefur Finnbogi *Trausti* Finnbogason, Blátúni 2, Áltanesi, skýrt svo frá, að ákærði hafi haft samband við sig fimmtudaginn 2. júní sl. og beðið sig að sjá um prentun á 1. tölublaði 1. árgangs blaðsins Samvíska þjóðarinnar. Ákærði fór fram á, að prentun lyki um hádegi næsta dag. Finnbogi *Trausti* tók prentunina að sér og fékk plöturnar í hendur næstu nótt. Ekki mundi Finnbogi *Trausti*, hver afhenti þær, það hefði ekki verið ákærði. Um kl. 13.00 næsta dag lauk prentuninni, og var farið með upplagið í brot hjá Arnar-Bergi, Skeifunni 9, strax að lokinni prentun. Um hafði verið samið, að Sólnaprent sæi um prentun og brot blaðsins. Upplag blaðsins var 2000 eintök. Finnbogi *Trausti* bar, að honum hafi ekki verið kunnugt um efni blaðsins, er hann tók verkið að sér, en áður en prentun hófst. Hann fékk prentplöturnar fullunnar í hendur og vissi ekki, hver vann þær. Honum hafi verið kunnugt um haldið á Speglinum, en taldi, að um nýtt blað væri að ræða, þar sem ákærði var bæði skráður útgefandi og ábyrgðarmaður nýja blaðsins. Hann kvaðst ekki hafa kynnt sér, hvort nafn prentsmiðjunnar, prentstaðarins eða prentárs væri getið í blaðinu, hann hefði treyst því, að farið yrði að lögum um þessi atriði, þegar blaðið var unnið á plöturnar. Hann hafi því verið grunlaus um þetta atriði.

Í skýrslu lögreglunnar frá 8. júní segir, að þann dag hafi verið talin þau

eintök, sem lögreglan lagði hald á af tímaritinu Samvíska þjóðarinnar og hafi þau reynst vera 172. Í kröfugerð ákærvaldsins eru þau talin 174.

Um I. kafla ákærunnar.

Meginmál greinarinnar sem ákært er út af er á þessa leið:

„Þetta er hvort tveggja lögbrot og regin hneyksli. Að hugsa sér að það skuli hafa verið látið átölulaust hingað til að þjónar Guðs freisti barna með áfengi, sem leiðir til ofdrykkju, glæpa, rána, morða og alkóhólisma. Og það í kirkjum landsins.

Ég gat ekki hoft uppá þetta lengur. Þess vegna kærði ég“ sagði Erna Guðmundsdóttir, sanntrúuð kona og bindindissöm, er Spegillinn hitti hana að heimili hennar í Njarðvíkunum á dögnum.

„Hér hef ég myndir af Óla bróður mínum, sem segja meira en mörg orð um nauðsyn þess að stöðva þegar brennivinsgjafir prestanna,“ sagði Erna að lokum og krafðist þess að við birtum myndirnar.

Til vinstri Ólafur á fermingardaginn. Til hægri Ólafur 12 árum eftir altarisgönguna.

Myndina tók Erna er hún loks hafði upp á bróður sínum en hann „býr“ í Harlemhverfinu sem svo er nefnt. Hún færði honum ýmsan prentaðan fróðleik um áfengisbólið og reyndi með fortölum að fá hann til að snúa úr því spori, sem altarisgangan hafði beint lífi hans í.“

Til vinstri við textann er mynd af fermingardreng í kyrtli, og heldur hann á sálmaþók, en til hægri er mynd af öldruðum mæðulegum blökkumanni, sem hallar sér fram með hendur undir kinnum. Við hlið hans er blaðabúntki og slitnar tuskur breiddar yfir hann. Fyrir ofan meginmálið er fyrirsögn með stóru letri í þrem línum: „Ofbeldi, rán, glæpir og morð.“ Þar fyrir ofan er önnur undirstrikuð fyrirsögn með stækkuðu letri, en þó minni en í aðalfyrirsögn, á þessa leið: *Afleiðingar altarisgöngunnar.*

Við úrlausn þessa sakarnefnis ber að hafa í huga, að altarisakramentið, öðru nafni heilög kvöldmáltíð, er helgasta athöfn kristinnar guðsdýrkunar og annað tveggja sakramenta evangeliskrar lúterskrar kirkju. Kristur efndi sjálfur til þessarar helgiathafnar kvöldið áður en hann var krossfestur, á skirdagskvöld, og fylgjendur hans hafa óslitið haft það um hönd allar götur síðan. Altarisakramentið hefur fjölpætta merkingu. Það er víða nefnt í Nýja testamentinu, og er ljóst, að fyrstu kristnu söfnuðirnir hafa safnast saman og sameinast um þessa táknrænu athöfn og hafa leitað í henni samfélags við Krist með sérstökum hætti. Þeir hafa í sakramentinu minnst fórnar hans með þakkargjörð, leitað fyrirgefningar og tengst í kærleika innbyrðis. Kristnir menn sækja því umfram allt trúarlífi sínu næringu í heilaga kvöldmáltíð. Viðhorf kristinna manna til altarisakramentisins er enn ó-

breytt frá því í árdaga. Táknin eru enn hin sömu, brotning brauðs og neysla brauðs og víns. Mönnum er einnig við altarisgögnu í sjálfs vald sett, hvort þeir neyta vínsins eða ekki.

Verndarandlag 125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er trúartilfinning fólks og réttur þess til að hafa hana í friði, sé um að ræða trúar kenningar eða guðsdýrkun löglegs trúarbragðafélags samkvæmt 63. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Þar sem alkunna er, að altarissakramentið og þátttaka í því er kjarnaatriði evangelisk-lúterskrar trúarkenningar og trúariðkunar, telur dómurinn, að birting ofangreinds les- og myndefnis sem heild varði við lagagreinina, enda verður birting þessa efnis hvorki talið framlag til málefnalegrar umræðu um trúmál né hún talin hafa listrænt gildi.

Ekki verður talið, að lagagreinin sé fallin úr gildi fyrir notkunarleysi, þegar haft er í huga, að almennt sneiða menn hjá brotum af þessu tagi vegna virðingar fyrir trúarskoðunum annarra og þeim, sem kann að sýnast nærri trúarsannfæringu sinni hoggð, finnst e.t.v. ekki rétt að hefjast handa og sitja á sér að láta sverfa til stáls. Ekki verður heldur fallist á, að 233. gr. a. hegningarlaganna hafi rýmt út 125. gr. laganna, þar sem verndarandlag hennar er annað og víðtækara, hún verndar önnur huglæg gildi með afdráttarlausum hætti, m.a. er það gert refsivert að hæða og smána aðrar tilfinningarlegar eigindir en trúarbrögð.

Með vísan til ábyrgðarreglna 10. og 15. gr. laga um prentrétt telst ákærði því hafa brotið gegn 125. gr. almennra hegningarlaga og því unnið til refsingar samkvæmt henni, enda hefur ákærði játað, að hann beri einn ábyrgð á birtingu efnisins.

Um II. kafla ákæru.

II. A. Hér er um að ræða tvær hálfsiðumyndir. Á efri myndinni er framhliðin af nöktum karlmanni. Maðurinn heldur í hægri hendi á lykkju á snæri, sem liggur yfir hægri öxl, og gefur þessi staða mannsins til kynna, að hann haldi á einhverju fyrir aftan bak með snærinu. Höfuð mannsins sést ekki á myndinni. Ekki sést getnaðarlimur mannsins, heldur aðeins kynhár hans, þannig að hann líkist kvenmanni að þessu leyti. Annar maður, fullklæddur, er á myndinni með einkennishúfu (sennilega fransks lögreglumanns). Sá síðarnefndi segir við þann nakta: „snúðu þér við góða.“ Hin myndin er af bakhlið á nöktum karlmanni (væntanlega þeim sama) og sýnir hann aðeins frá mitti niður á mið læri. Á milli þeirra sjást kynfæri mannsins, og er snærislykkju brugðið um framenda limsins og síðan liggur snærið upp eftir öðrum þjóhnapp og baki mannsins svo langt sem myndin nær. Séu myndirnar skoðaðar í samhengi, verður ekki annað ráðið en að maður-

inn hafi bundið aftur á sér kynfærin með snæri og haldið þeim þannig með snærislykkjunni í hægri hendi til að reyna að minna á konu. Með myndinni fylgir texti á næstu síðu. Er meginmál hans svohljóðandi:

„Svo er árvekni yfirkjörstjórnar fyrir að þakka að upp komst um meiri háttar kosningasvindl við alþingiskosningarnar á dögunum. Rannsóknarblaðamaður Spegilsins og formaður yfirkjörstjórnar komu upp um metorðastreðara nokkurn, sem var orðinn úrkula vonar um að komast í framboð á vegum stjórnmalaflokkanna hafði gripið til þess örþrifaráðs að smygla sér inn á kvennalistann. Þykir rétt að birta ekki nafn þessa ólánsmanns að svo stöddu þar sem ekki hefur náðst í ættingja hans.

Vegna þessa máls hefur landskjörstjórn ákveðið að tekin verði upp kyngreining við allar kosningar í framtíðinni og slíkt bundið í lög.“

Texta þessum fylgir mjög stór fyrirsögn á þessa leið: „Hrikalegt kosningasvindl.“

Á blaðsíðu 11 er annar texti undir svohljóðandi fyrirsögn:

„Óskað eftir líffæraskoðun.

Samtök um kvennalista hafa ritað landlækni bréf þar sem þær fara fram á ýtarlega líffæraskoðun allra frambjóðenda samtakanna við síðustu kosningar í kjölfar þeirra uppljóstrana, sem birtar eru í Speglinum í dag.

Í bréfi sínu benda Samtökin sérstaklega á einn frambjóðenda sem með undarlegri hegðun sinni veki með þeim grunsemdir svona eftir á hyggja. Sá frambjóðandi hefði til dæmis aldrei viljað fara með öðrum frambjóðendum í sturtu né gufubað eftir framboðsæfingar, en hins vegar hvatt þær hinar og att þeim í ýmis konar böð í tíma og ótíma.

Það skal tekið fram að sá umræddi frambjóðandi situr ekki á þingi enn sem komið er.“

Ef blaðið Spegillinn er virtur í heild sinni, virðist hann eiga að vera grínblað eða háðsádeila (satíra), eins og blaðið var í tíð eldri útgefenda. Verður að hafa það í huga, er ofangreint efni er virt, bæði myndin, sem ákært er út af, og textarnir, sem ekki er ákært út af. Telja verður, að myndin sé hluti af háðsádeilu, sem fram kemur í blaðinu, á nýtt þjóðfélagsfyrirbæri, sérframboð kvenna, notuð til að skopast að karlmanni, sem á að hafa laumast þar inn á lista undir fölsku flaggi. Virðist vera um að ræða einhvern, sem orðinn er úrkula vonar um að komast í framboð á vegum stjórnmalaflokkanna, en gripur til þess örþrifaráðs að smygla sér inn á kvennalistann. Myndirnar eiga að sýna þennan karlmann, þegar flett er ofan af því, að hann villir heimildir á kynferði sínu til þess að komast með því móti í framboð.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður að sýkna ákærða af þessum ákærulið, enda ekki um klám að ræða.

II. B. Lesefni það, sem ákært er út af, er í tveim dálkum, hlið við hlið,

annar með venjulegu prentletri, en hinn í ramma og birtist sem mynd af handskrifuðum texta. Fyrri textinn er svohljóðandi:

„Þingfréttaritari Morgunblaðsins, Stefán Friðbjarnarson, hefur boðið Speglinum dagbækur (eiginkonunnar) alþm., til kaups. Stefán er ófáanlegur til að skýra frá hvernig hann komst yfir bækurnar, en segir þær með öllu ófalsaðar og sannar.

Stefán sagðist að sjálfsögðu hafa boðið Morgunblaðinu bækurnar til kaups, en blaðið hefði hafnað því og þætti sér það óskiljanlegt með öllu.

Verð það sem Stefán vill fá fyrir dagbækurnar er trúnaðarmál milli Spegilsins og hans með tilliti til skattalaganna.

Hér birtist stutt færsla í handriti úr dagbókum (eiginkonunnar). Verið er að rannsaka rithönd frúarinnar og bera saman við rithönd þá sem í bókunum er, svo og málfar, blek og fingraför. Reynist bækurnar ófalsaðar mun Spegillinn birta úrdrátt úr þeim í næstu blöðum.“

Myndin af handritaða textanum er svohljóðandi:

„24ði. sunnudagur

Komið fram undir morgun þegar ég kom heim (eiginmaðurinn) sofandi. Það er eins og vant er.

Geir er fallinn í annað sinn. Þá er aðeins þriðja fallið eftir. Sjálfsagt verður honum samt falið að mynda stjórn, aulanum. Það skal honum aldrei takast. Þar þarf aðra til, og hver veit ...

Æji, kæra dagbók.

Ég er þreytt og tapa þræðinum. Og svo er ég dálítið hífuð Já. Kannske ég ætti að bjóða þingstelpunum heim í vikunni. Þú geymir hugmyndina fyrir mig til morguns.

Nú fer ég í bólið. Kannski er (eiginmaðurinn) vaknaður. Þá og þá vonin skaðar engan, kæra vina.“

Fyrir ofan síðasttalda textann er mynd af hinni nafngreindu konu og til vinstri við þá mynd er önnur mynd af bókum, umslögum og nakinni ókunnri konu í klúrum stellingum (ekki er ákært út af myndunum). Fyrir ofan myndirnar er fyrirsögn með stóru lettri í tveim línunum. „Dagbækur (eiginkonunar) í höndum Spegilsins.“ Þar fyrir ofan eru tvær setningar í tveim línunum á svörtum grunni, með minna lettri. „Einkaréttur á Íslandi.“ „Aðeins í Speglinum.“

Neðan megintextanna eru þessar áherslusetningar: „Er (eiginmaðurinn) alltaf sofandi?“ og „Er alþingiskonan ófullnægð?“ með fremur stóru lettri á svörtum grunni. (Í ákæru eru þessar áherslusetningar kallaðar undirfyrirsagnir).

Textinn „Nú fer ég í bólið. Kannski er (eiginmaðurinn) vaknaður. Þá og þá ... vonin skaðar engan, kæra vina,“ og seinni áherslusetningarnar

tvær eiga við nafngreind hjón, og er reynt að láta líta svo út, að hann fjalli um kynlíf þeirra. Um annað fjallar hann ekki. Eigi verður þetta lesmál réttlætt með sama hætti og myndirnar í I. A. eða með nokkrum öðrum hætti. Orð þessi eru lággúrleg, illkvittin, ófyrirleitin, móðgandi og í alla staði hin grófasta árás á einkalíf fólks og virðast aðeins sett fram í því skyni að svívirða hjónin á hinn grófasta hátt og selja blaðið til hagsbóta fyrir útgefandann. Ófyrirleitin kynlífsumfjöllun af þessu tagi, sem þjónar engum jákvæðum tilgangi, álitur dómurinn vera brot á 1. og 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, og hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt henni. Annar texti, sem ákært er út af, fellur ekki undir greinina, og ber að sýkna af birtingu hans.

II. C. Á myndinni eru þrjár manneskjur við eldhúsborð, barn, sem er að skoða í tösku, sem liggur á borðinu, klædd kona og karlmaður nakinn að neðan. Maðurinn stendur fast við eldhúsborð með kynfæri sín uppi á því. Í hægri hendi heldur maðurinn á sveðju eða stórum hníf, og hvílir hnífurinn á lim mannsins, þannig að egginn nemur við liminn. Konan er látin segja: „Hvað vilja þeir nú aftur fá fyrir tommuna?“ Fyrir neðan myndina er svohljóðandi texti með mismunandi stóru lettri:

„Ragnar Arnalds með allt niður um sig. Íslensk leið hvað? Spegillinn upplýsir það hér og nú að styttingaleið sú sem Ragnar Arnalds kynnti í kosningabaráttunni sem sér-íslenska leið út úr efnahagsgöngunum er stolin frá Frakklandi eins og sést af meðfylgjandi mynd úr franska stórblaðinu Hara Kiri. Í Frakklandi hefur þessi efnahagsstefna leitt til upplausnar, uppþota og öngþveitis en hins vegar styrkt nokkuð stöðu ríkissjóðs.“

Jafnvel þótt viðurkenndur sé réttur Spegilsins til að reyna að vera grínblað eða háðsádeila, getur dómurinn með engu móti fallist á, að í slíkum tilgangi felist réttur til að birta hvað sem er með hvaða hætti sem er. Verður að telja, að hér hafi verið skotið yfir markið. Textinn sjálfur, út af fyrir sig, verður að mati dómsins ekki talinn klám í venjulegum skilningi, enda höfðar hann á engan hátt til kynlífs. Ber því að sýkna ákærða fyrir birtingu hans.

Einnig ber að taka tillit til þess, að myndin virðist vera í samhengi við eftirfarandi texta á blaðsíðu 24, sem lagður er í munn Jóni Baldvin Hannibalssyni alþingsmanni:

„Eins og fram kom í kosningabaráttunni, þá erum við alþýðuflokksmenn þeirrar skoðunar, að landbúnaður sé mikill baggi á þjóðinni og að brýna nýðsyn beri til að fækka bændum með hinni svokallaðri styttingaraðferð

Hins vegar verður að telja, að tenging kynfæris og stórhættulegs vopns á myndinni á þann hátt, að maður sé þess albuinn að misþyrma sjálfum sér með grimmdarlegum hætti til þess fallna að hvetja til misþyrminga á

kynlífssviðinu. Mynd þessi höfðar því til óeðlilegs, sjúklegs hugarfars og er ekki með nokkru móti innlegg í neina jákvæða og eðlilega umræðu og gæti haft hættulegar afleiðingar úti í þjóðfélaginu. Ákærði hefur því með birtingu hennar brotið gegn 1. og 2. mgr. 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. ábyrgðarreglur prentlaga í 10. og 15. gr.

Um III. kafla ákæru.

Ljóst er af framburði ákærða og samstarfsmanna hans, að hann hefur verið hinn raunverulegi útgefandi Spegilsins. Slíkt kemur einnig fram í tilkynningu hans til firmaskrár. Sú tilkynning kemur ekki að lögum í staðinn fyrir nafn útgefanda á hverju útgefnu eintaki. Ákærði hefur því brotið gegn 3. mgr. 3. gr. laga um prentrétt.

Um IV. kafla ákæru.

Ákærða var kunnugt um, að yfirvöld höfðu lagt hald á 2. tölublað Spegilsins, er hann gaf út blaðið Samviska þjóðarinnar og birti þar á ný allt það efni, sem ákært er út af. Endurbirting á því efni, sem hér að framan er talin ólögmæt, varðar ákærða því refsingu samkvæmt 30. gr. laga um prentrétt auk áðurgreindra lagagreina, þ.e. 125. gr. og 210. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 10. og 15. gr. prentlaga.

Vegna vitneskju ákærða um haldið skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt dráttur hafi orðið á birtingu af hálfu yfirvalda í Lögbirtingablaðinu á haldi Spegilsins. Ekki skiptir heldur máli sá tilgangur ákærða að „skjóta máli sínu til almennings“ með því að endurprenta meginefni Spegilsins í Samvisku þjóðarinnar. Enn ber að geta þess, að þótt ákærði hafi sjálfur talið birtingu hins saknæma efnis, sem fjallað er um í dóminum, lögmætt, þar sem ekki hafi verið um klám og brot á 125. gr. laga nr. 19/1940 að ræða, er það út af fyrir sig ekki til málsbóta fyrir hann samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940. Væri sakborningi játað slíkt mat til réttlætningar, væru viðkomandi lagaákvæði þýðingar- og gagnslaus.

Með skírskotun til heimfærslu til framangreindra refsíákvæða, 77. gr. almennra hegningarlaga, mikilla breytinga í frjálsræðisátt á birtingu myndefnis, bæði hér á landi og annars staðar, þess, að ákærði hefur ekki fyrr verið dæmdur fyrir brot á almennum hegningarlögum, þess, að hann hefur frá upphafi verið samvinnuþýður við rannsókn og meðferð málsins, og þess, að hann hefur bersýnilega orðið fyrir miklu fjárhagstjóni í þessu sambandi, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að fjárhæð 16.000 krónur til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 20 daga.

Ákærði sæti einnig upptöku á þeim blaðsíðum í 4445 eintökum af Spegl-

inum og 172 eintökum af blaðinu Samviska þjóðarinnar, sem hafa að geyma það efni, sem ólögmætt er metið í dóminum (blaðsíðum 24, 25, 39 og 40 í Speglinum og samhljóða síðum í Samvisku þjóðarinnar.) Tilsvarandi myndamót og offsetfilmur beggja útgáfanna eru einnig gerð upptæk. Eignarupptaka þessi er gerð með stoð í 1. mgr. 1. tölulið 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og er takmörkuð eins og að ofan greinir, þar sem efnið, sem ákært er út af og ólögmætt er talið, er óverulegur hluti blaðanna, t.d. í Speglinum 4 síður eða 10%.

Ákærði greiði samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála sakarkostnað málsins, m.a. saksóknarlaun til ríkissjóðs, en málið flutti Pétur Guðgeirsson, fulltrúi ríkissaksóknara, að fjárhæð 15.000 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

Dómur þessi er kveðinn upp af Jóni A. Ólafssyni sakadómara sem dómsformanni, og meðdómendunum séra Bjarna Sigurðssyni, dósent og cand. juris, og Eysteini Sigurðssyni, PH.D., ritstjóra.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Úlfar Þormóðsson, greiði sekt að fjárhæð 16.000 krónur til ríkissjóðs innan 4 vikna, ella sæti hann varðhaldi í 20 daga.

Ákærði sæti upptöku á 24., 25., 39. og 40. blaðsíðu í 4445 eintökum 2. tölublaðs 43. árgangs tímaritsins Spegilsins og á samhljóða blaðsíðum í 172 eintökum 1. tölublaðs 1. árgangs blaðsins Samviska þjóðarinnar. Einnig eru tilsvarandi myndamót og offsetfilmur gerð upptæk.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. saksóknarlaun til ríkissjóðs að fjárhæð 15.000 krónur og málsvarnarlaun til Sigurmars K. Albertssonar héraðsdómslögmanns að fjárhæð 15.000 krónur.